

Foreldraráð Leikskóli Seltjarnarnes

Þriðjudagur 18. nóvember 2014, kl. 20:00

Mættir voru Svana Davíðsdóttir, Haukur Hauksson og Saga Ómarsdóttir.

- 1) Framkvæmdum við útisvæði Holts eru ekki enn tilbúnar þrátt fyrir loforð bæjarins. Svana sendir bréf á Ásgerði.
- 2) Skólapúlsinn, könnun sem send er út til foreldra barna leikskólans. Tekin ákvörðun að senda okkar eigin könnun með 3-4 spurningum, meðal annars fyrirkomulag sumarlokana, opnunartíma og samstarf við Gróttu.
- 3) Foreldraráð var búið að óska eftir að fá skýrslu um ástand húsnæðis Sólbrekku frá fræðslufulltrúa. Ekki hefur orðið við þeirri ósk, ítrekun send.
- 4) Verkefni foreldraráðs á næstu mánuðum. Húsnæðismál að innan og utan (leiksvæði barnanna)
- 5) Ípadar komnir á allar deildir, er hægt að nýta þetta tæki betur. Fá einhvern til að setja upp miðlægan grunn með til dæmis tónlist þannig að hægt sé að deila þessu á öll tækin.
- 6) Gæði matarins í leikskólanum, þarf að taka þetta út aftur?
- 7) Áfallaáætlanir, ákveðið að kanna hjá leikskólastjóra hvort þær séu til staðar.
- 8) Fá tölur hjá bænum, framlög sveitarfélagsins til skólans.
- 9) Fundi slitið 22:10

Fundargerð ritaði Saga Ómarsdóttir